

Minnisblað samráðshóps

Inngangur

Haustið 2106 barst bæjaryfirvöldum í Garðabæ erindi frá íbúum á Álfanesi varðandi Strætóleið 23-Álfanes. Að ósk bæjarstjóra tók Gunnar Valur Gíslason, fulltrúi Garðabæjar í stjórn Strætó, saman minnisblað, dags. 31.10.2016, sem var lagt fram í bæjarráði í nóvember 2016.


Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2017 var fimm milljónum króna bætt við áætlað ársframlag bæjarins til Strætó bs. fjárhæð til þess að vinna málið áfram. Í kjölfarið fól bæjarstjóri fulltrúa bæjarins í stjórn Strætó, að leiða málið áfram. Óskað var eftir aðkomu þriggja íbúa utan af nesi að óformlegum samráðshópi til að ræða ofangreint erindi íbúa á Álfanesi og setja saman eins konar aðgerðaplan sem geti hugsanlega skilað sér í tilraunaverkefni, til dæmis frá hausti 2017.

Samráðshópur: Gunnar Valur Gíslason, Eygló Ingadóttir, Ingibjörg Þór Árnadóttir og Anna María Karlsdóttir.

Frá umhverfis- og tæknisviði Garðabæjar: Guðbjörg Brá Gísladóttir.

Frá Strætó bs.: Valgerður Gréta Benediktsdóttir og Ragnheiður Einarsdóttir.

Alls hittist samráðshópurinn á fimm fundum. Fulltrúi frá tækni- og umhverfissviði bæjarins sat fundi samráðshópsins og einnig komu samgöngusérfræðingar Strætó að málinu.



Mynd 1. Leið 23 ekur eftir gamla Álfanesveginum, nýi vegurinn er ekki sýndur hér.

1. Markmið samráðshóps

Í upphafi vinnu sinnar setti samráðshópurinn sér eftirfarandi markmið:

- Greina seinkanir á leið 23.
- Forgangsraða atriðum sem tilgreind eru í erindi íbúa á Álfanesi frá hausti 2016 og öðrum atriðum sem rædd verða í samráðshópnum.
- Setja upp tilraunaverkefni og leita ásættanlegrar lausnar á akstri leiðar 23.
- Stuðla að eflingu almenningssamgangna í Garðabæ, í takt við markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins - Höfuðborgarsvæðið 2040.

2. Helstu niðurstöður samráðshóps

2.1 Seinkanir á leið 23

Að mati fulltrúa Strætó, sem unnu með samráðshópnum, vantar um 3 mínútur að jafnaði á hverja ferð til að leið 23 haldi áætlun í dag. Til þess að breyta því sé ekki nóg að fækka stoppistöðvum heldur þurfi á einhvern hátt að stytta leiðina.

2.1.1 Tímamæling leiðar 23


Að beiðni samráðshópsins tímamældi Strætó leið 23 tvisvar sinnum, í fyrra skiptið var leiðin mæld óbreytt eins og hún er ekin í dag og í seinna skiptið var leiðin mæld með ýmsum valkostum um styttingu.

Niðurstaða: Sjá hér að aftan.

2.1.2 Rafrænar farþegatalningar á leið 23


Til þessa hefur árleg farþegatalning hjá Strætó verið í október ár hvert, síðast í október 2015. Þar voru taldir þrír virkir dagar og meðaltal tekið af þeim. Hins vegar liggja nú fyrir rafrænar talningar á leið 23 sem gerðar voru í janúar og febrúar 2017.

Á mynd 2 má sjá október - talningar frá tímabilinu 2005–2015.




Mynd 2. Októbertalningar á leið 23 frá 2005-2015, meðalfjöldi farþega á virkum degi.

Á myndum 3 -6 má sjá fjölda útstiga og innstiga í vagn 23, gögn eru úr rafrænni talningu í janúar og febrúar 2017. Við rafræna talningu voru 20% ferða taldar, sem þykir nægja tölfræðilega.





Mynd 5. Fjöldi innstiga að meðaltali á laugardögum í vagn 23.



Mynd 6. Fjöldi útstiga að meðaltali á laugardögum í vagn 23.

2.1.3 Dæmi um hvernig stytta mætti aksturstíma leiðar 23

Samráðshópurinn ræddi eftirfarandi valkosti til að stytta aksturstíma leiðar 23:

- Aka um nýja Álftanesveginn, sleppa þeim gamla alfaríð. Nýjar stoppistöðvar fyrir Þrýðahverfið milli hringtorga á Braunholtssbraut og Álftanesvegi.
 - Kostur: leiðin styttest um ca. 3 mínútur.
 - Ókostur: Gönguleið fyrir íbúa Þrýðahverfis lengist. Hámarksvegaleið yrði um 650 m.
- Aka gamla Álftanesveginn í átt að Ásgarði, aka nýja Álftanesveginn í átt að Álftanesi. Ný stoppistöð fyrir Þrýðahverfið milli hringtorga á Braunholtssbraut og Álftanesvegi.
 - Kostur: Leysir aðalumferðartöfina þar sem vagninn fer inn á nýja Álftanesveginn í átt að Álftanesi.
 - Ókostur: Styttir leiðina um ca. 1,5 mín, sem nægir ekki.

- Sleppa akstri um Ásahverfi. Áka þess í stað um Hafnafjarðarveg, Engidal og þaðan gamla Álfarnesveg.
 - Kostur: Styttir leiðina um ca. 6 mín.
 - Ókostur: Minnkar þjónustu við notendur innan Ásahverfis.
- Sleppa akstri út Jörfaveg:
 - Kostur: Styttir leiðina um ca. 2,5 mín.
 - Ókostur: Styttir leiðina ekki nóg og minnkar þjónustu við notendur við Blikastíg og Fálkastíg. Gönguleið fyrir íbúa lengist, hámarksvegaleið yrið um 850 m.
- Sleppa stoppistöðvum sem lítið eru notaðar.
 - Kostur: Fækka stoppum vagnsins þar sem notkun er lítil sem engin. Getur stytta leiðina í þeim tilvikum sem hægt er að sameina tvær stoppstöðvar í eina.
 - Ókostur: Styttir aksturstíma lítið ef vagninn stoppar ekki hvort sem er.

2.1.4 Breytingar á stoppstöðvum/strætóskýlum

Samráðshópurinn ræddi eftirfarandi valkosti um breytingar á stoppstöðvum á leið 23:

- Á Álfarnesi verði stoppstöðin „Bessastaðir“ tekin út ásamt því skoða að sameina stoppstöðvar við Sjávargötu, Vesturtún og Hólmatún (tvær) í eina.
- Stoppistöðin „Hraunsholtsbraut“ verði færð í átt að Brekkúási og stoppstöðvarnar „Brekkúás“ og „Birkíás“ þannig sameinaðar.
- Ef akstur leiðar 23 verður færður út á nýja Álfarnesveginn komi ný stoppstöð fyrir Þrýðahverfið milli hringtorga á Hraunsholtsbraut og Álfarnesvegi.
- Samráðshópurinn mælir eindregið með því að strætóskýli við Breiðumýri, NV-vert við Álfarneskaffi, verði fært í norðurhorn bíðsvæðisins. Ástæðan er sú á þá sér bílstjórinn allan tímann farþega sem bíða. Svo er ekki nú og getur núverandi staðsetning valdið slysi.

2.2 Forgöngurverkefna

Í erindi íbúa á Álfarnesi voru samgöngur Strætó sagðar að lágmarki þurfa að vera:

- Að strætó gangi á Álfarnes samfelld á hálf tíma fresti alla virka daga án þess að sleppa einni ferð að morgni og fjórum ferðum um hádegis eins og nú er.
- Að samgöngur hefjist fyrr á morgnana á virkum dögum (t.d. kl. 6:46 líkt og leiðir 2 og 24 sem liggja um Garðabæ).
- Að strætó gangi á klukkutíma fresti á sunnu- og helgidögum.
- Að strætó gangi á klukkustundar fresti öll kvöld vikunnar fram til klukkan 24.

2.2.1 Leið 23 aki á hálf tíma fresti allan daginn á virkum dögum

Eftir yfirferð samráðshópsins á þeirri ósk íbúa um að Leið 23 aki á hálf tíma fresti allan daginn á virkum dögum er það niðurstaða hópsins að leggja til að:

- Strætó gangi á Álfarnes samfelld á hálf tíma fresti alla virka daga (45 mínútur einu sinni frá 18:02 -18:47).
- Til þess að þetta gangi upp þarf að stytta aksturstíma leiðar 23, samanber kafla 2.1.

2.2.2 Flýta fyrstu morgunferð á virkum dögum

Eftir yfirferð samráðshópsins á þeirri ósk íbúa um að flýta fyrstu morgunferð er það niðurstaða hópsins að leggja til að fyrstu morgunferð verði ekki flýtt frá því sem nú er heldur verði upphafstíma tímátöflu haldið óbreyttum.

- Ef fyrstu ferð yrði flýtt um 15 mínútur myndu tapast mikilvægar tengingar við leið 24.
- Eina leiðin til að flýta vagni á morgnana er að bæta við ferð ½ tíma fyrr. Hópurinn er sammála um að það sé of snemmt.

2.2.3 Strætó gangi á klukkutíma fresti á sunnu- og helgidögum

Eftir yfirferð samráðshópsins á þeirri ósk íbúa um að Strætó gangi á klukkutíma fresti á sunnu- og helgidögum er það niðurstaða hópsins að leggja til að það verði gert sem hér segir:

- Akstur væri með að lágmarki klukkutíma tíðni bæði á laugardögum og sunnudögum (ath. að hér er, að mati fulltrúa Strætó, hugsanlega ekki mikill kostnaðarmunur á klukkutímátíðni og háltímátíðni).
- Akstur hefjist kl. 8:58 á laugardögum og kl. 9:58 á sunnudögum.
- Mikilvægt að Strætó passi upp á tengingar, einkum við leið 1 og leið 24.
- Bæði síðasta kvöldferð vagnsins og pöntunarþjónusta eftir það sé sú sama og á virkum dögum.

2.2.4 Strætó gangi á klukkustundar fresti öll kvöld vikunnar fram til klukkan 24

Eftir yfirferð samráðshópsins á þeirri ósk íbúa um að Strætó gangi á klukkutíma fresti öll kvöld vikunnar fram til klukkan 24 er það niðurstaða hópsins að leggja til að:

- Síðasti strætó fari kl 20:47 frá Ásgarði, sem þýðir eina viðbótarferð á kvöldin.
- Pöntunarþjónusta: Settar verði inn tvær viðbótar tímasetningar fyrir pöntunarþjónustu eftir síðustu ferð Strætó úr, Ásgarði; kl. 21:47 og 22:47 auk þess sem tímasetning kl. 23:17 seinkar í 23:47. Pöntunarþjónusta sé með ½ tíma fyrirvara en ekki klukkutíma eins og er í dag. Gengur upp að mati Strætó, enda gildi það þá um alla pöntunarþjónustu hjá Strætó almennt.

3 Tilraunaverkefni, frumhugmynd

Til að uppfylla kröfur sem fram koma á minnisblaði frá árinu 2016 er hér lögð fram hugmynd að tilraunaverkefni þar sem hafa þarf í huga að:

- Tilraunaverkefni nái yfir nógu langt tímabil til að niðurstöður þess verði áreiðanlegar.
- Til að fá sem besta niðurstöðu varðandi ferðamynstur sé horft á heildarmyndina við framkvæmd tilraunaverkefnis. Þannig séu þau atriði sem hér hafa verið sett fram með það að markmiði að stuðla að bættri þjónustu á Strætóleið 23 prófuð á sama tíma en ekki eitt atriði í einu.

Eftirfylgni verkefnis:

- Þegar tilraunaverkefnið hefur verið útfært þarf að setja upp áætlun um rafræna farþegatalningu svo að hægt sé að meta í lok verkefnis með áreiðanlegum hætti hvort og þá hvenær og hvar farþegafjöldi eykst í kjölfar breytinga.

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað, dags. 31.10.2016, sem var lagt fram í bæjarráði í nóvember 2016.
2. Hugmynd að nýrri tímatöflu leiðar 23. Athuga að akstursleiðum og stoppstöðvum hefur ekki verið breytt.

Garðabæ, 15. maí 2017.

Samráðshópur um Strætóleið 23-Álfanes:

